

Skipulags- og byggingarfulltrúi Helgafellssveitar  
og Eyja- og Miklaholtshrepps  
Sæunnargötu 3, efri hæð  
310 Borgarnesi



Reykjavík 9. mars 2016  
UST201603-001/K.S.J.  
10.04.03

## Efni: Deilisskipulag. Tillaga að deiliskipulagi í landi Selja í Helgafellssveit

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps er barst 1.mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi í landi Selja í Helgafellssveit. Umhverfisstofnun gaf umsögn dags. 9.september 2014 um lýsingu ofangreindrar tillögu.

Markmið ofangreinds deiliskipulags er að reisa sumarhús í landi Selja ásamt því að byggja upp möguleika til útivistar fyrir landeigendur. Einnig er áætlað að staðsetja flotbryggju innanvert við Seljaodda.

### Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er tæpir 119 ha að stærð og er í landi Selja í mynna Hraunsfjarðar. Svæðið er við norðanverðan Hraunsfjörð og nær frá sjó og upp í hlíðar Bjarnarhafnarfjalls. Fyrirhugað er reisa sumarhús ofarlega á Seljaodda og flotbryggju í voginum innanvert á oddanum. Umhverfisstofnun tekur undir markmið um að útlit og mænisstefna sumarhúss skuli falla vel að umhverfinu.

### Náttúruminjar


Eins og fram kemur í greinargerð snertir svæðið er tillagan nær til svæði nr. 227 á náttúruminjaskrá og í skránni segir. "*Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn, Stykkishólmi (áður Helgafellssveit). (1) Berserkjahraun allt og Hraunsfjörður innan Seljaodda ásamt Selvallavatni, Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni. (2) Stórbrotið apalhraun með gíghólum og söguminjum, Berserkjagötu og Berserkjadys. Lífauðugar fjörur, veiðivötn. Kjörið útivistarsvæði.*" Umhverfisstofnun tekur undir markmið um að útlit og mænisstefna sumarhúss skuli falla vel að umhverfinu.


### Flotbryggja

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að reisa allt að 30 m langa flotbryggju innan reits. Í greinargerð kemur einnig fram að tryggt skuli að framkvæmdir raski ekki lífríki fjörunnar og að neðan vatnsbakka sé gert ráð fyrir að bryggjan verði að fullu endurkræf. Umhverfisstofnun tekur undir áætlunina um að

bryggjan verði afturkræf og að rask verði haldið í lágmarki. Að mati Umhverfisstofnunar er lykilatriði að bryggjan og aðkoma að henni hafi sem minnst rask í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

